

ÁRSFUNDUR VIRK 2025



Stöðug þróun og skýr sýn til framtíðar – Vigdís Jónsdóttir forstjóri VIRK



Dagskrá

1. Árið 2024 hjá VIRK
2. Hlutverk VIRK
3. Samningslok við Janus endurhæfingu
4. Stefna og framtíðarsýn
5. Fjölbreyttar áskoranir og fagleg þróun
6. Kulnun á íslenskum vinnumarkaði
7. Ávinningur starfsendurhæfingar
8. Mikilvægar kerfisbreytingar
9. Ábyrgð og sameiginleg sýn til framtíðar



Árið 2024 hjá VIRK

25.000

einstaklingar hafa verið í
þjónustu hjá VIRK frá
upphafi til ársloka 2024

11%

af heildarfjölda á
vinnumarkaði á Íslandi frá
upphafi til ársloka 2024

75

nýjar umsóknir um
þjónustu berast að
jafnaði í hverri viku

80%

sem lokið hafa starfsendurhæfingu
eru að öllu eða einhverju leyti virkir
í vinnu, atvinnuleit eða námi við
útskrift

12.4

mánuðir er meðaltími
í þjónustu hjá þeim
sem luku þjónustu

11%

þjónustuþega VIRK
voru með annað
þjóðerni en íslenskt

Til VIRK leita einstaklingar á öllum aldri, með mismunandi
menntunarstig og úr öllum starfsgreinum

2.371

NÝIR EINSTAKLINGAR
Í ÞJÓNUSTU

1.899

EINSTAKLINGAR
LUKU ÞJÓNUSTU



68%
KONUR



32%
KARLMENN

Hvert er hlutverk VIRK?

Samið var um stofnun VIRK í kjarasamningum á árinu 2008.

Í þeim samningum er meðal annars tekið fram að VIRK ber að „veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmið aðila er að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir“

Úr lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða:

„Í lögum þessum merkir atvinnutengd starfsendurhæfing ferli sem felur í sér ráðgjöf og úrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa til að auka starfsgetu þeirra og stuðla markvisst að endurkomu þeirra til vinnu að fullu eða hluta. Atvinnutengd starfsendurhæfing skal byggð á einstaklingsbundinni áætlunþar sem unnið er með styrkleika einstaklingsins samhliða því að lögð er áhersla á að draga úr áhrifum hindrana sem skerða starfsgetu hans“

Í lögunum er jafnframt fjallað um hlutverk ráðgjafa, gerð einstaklingsbundinna áætlana og fjármögnun á úrræðum.

Hlutverk VIRK – frh...

Til staðar er þjónustusamningur við ríkið með mjög ítarlegri kröfulýsingu er varðar skipulag og þjónustu VIRK. Kröfulýsingin tekur einnig til þeirrar þjónustu sem VIRK kaupir og skilgreinir tiltekið eftirlit sem VIRK ber að hafa með þjónustuaðilum

Skilyrði fyrir þjónustu VIRK samkvæmt lögum og kröfulýsingu eru:

- Heilsubrestur sem veldur skertri starfsgetu
- Að stefnt sé markvisst að þátttöku á vinnumarkaði
- Til staðar sé bæði vilji og geta til að taka markvissan þátt í atvinnutengdri starfsendurhæfingu

Einnig er fjallað um það í lögunum og skipulagsskrá að VIRK skuli veita fræðslu og stuðning á sviði forvarna



Hlutverk VIRK – frh...

- **VIRK er vinnumarkaðsúrræði** sem heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið
- Starfsendurhæfing er hins vegar í eðli sínu úrræði sem kemur inn á mjög mörg svið mannglegrar tilveru þar sem horft er á einstaklinginn út frá bæði heilsu, stöðu og félagslegum aðstæðum
- Heilsubrestur er skilyrði þjónustunnar samkvæmt bæði kjarasamningum og lögum
- Þó þjónusta VIRK heyri ekki undir heilbrigðisráðuneytið þá er ljóst að hlutverk VIRK er að veita einstaklingum með heilsubrest faglega og árangursríka starfsendurhæfingu
- Hægt er að skilgreina hluta af þjónustu VIRK sem heilbrigðisþjónustu sem er þá nauðsynlegur þáttur í því að auka líkur á farsælli endurkomu til vinnu. Um er að ræða þjónustu sem kemur til viðbótar við þá þjónustu sem veitt er innan heilbrigðiskerfisins



Flækjustig og áskoranir í starfsendurhæfingarferli



Hlutverk VIRK – frh...

- VIRK ber að veita **starfsendurhæfingu þar sem stefnt er á atvinnuþátttöku á vinnumarkaði**. Lögð er áhersla á að vinna með styrkleika einstaklinga ásamt því að draga úr hindrunum til atvinnuþátttöku
- Heildarsýn og samstarf við kerfi þvert á málaflokka og ráðuneyti er mikilvæg
- Það er ekki mögulegt að skilgreina mismunandi þjónustu innan velferðarkerfisins í vel afmörkuð box
- Frá upphafi hefur verið lögð á það áhersla hjá VIRK að koma til viðbótar við þá þjónustu sem þegar er til staðar innan velferðarkerfisins
- Samstarf og stöðugt samtal er og verður alltaf forsenda árangurs



Samningslok við Janus endurhæfingu

- Um 50 einstaklingar eru í Janus á vegum VIRK og Sjúkratrygginga Íslands
- Búið er að bjóða öllum í viðtal hjá sérfræðingum VIRK þar sem staðan er metin og lausn fundin fyrir hvern og einn um hvað taki við. Verið er að bjóða öllum þjónustu við hæfi í samstarfi við geðdeildir Landspítalans og geðheilsuteymi heilsugæslunnar
- Hópurinn er fjölbreyttur og hver og einn þarf einstaklingsbundna nálgun
- Flest eru nokkuð sátt þó auðvitað vildu mörg helst vera áfram hjá Janusi
- Breytingar eru erfiðar fyrir hópinn og því lagði VIRK ríka áherslu á að gefa gott ráðrúm og aðlögunartíma



Nánar um samningslokin við Janus

- Þjónusta Janusar hefur ekki uppfyllt kröfur VIRK t.d. hvað varðar samstarf og atvinnutengingu
- Það lá fyrir síðasta haust að ekki voru forsendur fyrir áframhaldi á þessu samstarfi en Janus var þá í viðræðum við heilbrigðisyfirvöld
- Samkomulag um samningslok VIRK við Janus var gert í nóvember 2024
- Það er sameiginlegt mat VIRK, SÍ og heilbrigðisstofnanna sem komu að verkefninu að Janus hafi ekki uppfyllt samninginn
- Þrjár heilbrigðisstofnanir hafa gert Janusi tilboð um yfirtöku en samningar hafa ekki náðst

Aðdragandi samningslokanna

- Með príhliðasamningi milli VIRK, SÍ og Janusar var gerð tilraun til að nýta þjónustu Janusar á nýjan hátt. VIRK greiddi 75% af samningsfjárhæðinni en SÍ 25%. Samið var um 80 pláss
- Tilvísanir áttu að koma frá geðheilsuteymum heilsugæslunnar og geðdeildum Landspítalans
- Fáar tilvísanir komu hins vegar þannig að samningurinn var vannýttur
- Janus telur sig ekki hafa rekstrargrundvöll ef einstaklingarnir í þjónustu eru færri en 80

Stefna og framtíðarsýn

Stefnumótun með aðkomu stjórnar, fulltrúaráðs, starfsmanna, hagaðila og þjónustuaðila

Að stefnumótuninni komu yfir 200 einstaklingar úr ólíkum áttum:

- Starfsmenn og ráðgjafar VIRK
- Stjórn VIRK
- Fulltrúaráð VIRK (fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins, lífeyrissjóðum og félags- og húsnæðismálaráðuneytinu)
- Fulltrúar frá ýmsum samstarfsstofnunum eins og TR, VMST, Vinnueftirlitinu, heilsugæslunni, geðheilsuteymum og Landspítalanum
- Fulltrúar ólíkra þjónustuaðila sem vinna með VIRK eins og starfsendurhæfingarstöðvar, sálfræðingar, sjúkrapjálfar, iðjupjálfar, félagsráðgjafar og fleiri



Stefna og framtíðarsýn

Framtíðarsýn og áherslur:

VIRK skilar samfélagslegum ávinningi með snemmbærri og árangursríkri starfsendurhæfingu og forvörnum sem mæta þörfum einstaklinga og samfélags

Niðurstöður eru settar fram undir eftirfarandi fjórum áherslupáttum:

1. Starfsendurhæfing
2. Forvarnir
3. Samskipti og miðlun
4. Vinnustaðurinn



Helstu þættir í niðurstöðu stefnumótunar

Starfsendurhæfing

- Markviss og árangursrík þjónusta
- Viðeigandi þjónusta á réttum tíma
- Bið í lágmarki
- Atvinnutenging og gott samstarf við atvinnulífið
- Öflun og miðlun þekkingar

Forvarnir

- Forvarnaþjónusta fyrir einstaklinga sem veitt er samhliða atvinnuþátttöku
- Forvarnaþjónusta fyrir fyrirtæki í formi upplýsinga og fræðslu
- Rannsóknir og þróun

Samskipti og miðlun

- Markviss miðlun upplýsinga um þjónustu VIRK
- Vitundarvakningar sem hafa góð áhrif á samfélagið
- Markvissara samtal við helstu samstarfsaðila og hagaðila

Vinnustaðurinn

- VIRK er eftirsóttur vinnustaður
- Áhersla á heilsu-samlegt og eflandi vinnumhverfi
- Uppbyggjandi vinnustaðamenning
- Gott upplýsingaflæði
- Áhersla á vellíðan og árangur

Fjölbreyttar áskoranir og fagleg þróun

Við þróun á þjónustu VIRK er mikilvægt að vera vakandi fyrir samfélagslegum breytingum og áskorunum sem þeim fylgja

Í dag eru starfandi innan VIRK sérstakir faghópar sem halda utan um þjónustu fyrir eftirfarandi einstaklinga:

8%

ÞJÓNUSTUÞEGA

Einstaklingar með fíknivanda

16%

ÞJÓNUSTUÞEGA

Einhverfir einstaklingar

10%

ÞJÓNUSTUÞEGA

Ungt fólk í viðkvæmri stöðu

5%

ÞJÓNUSTUÞEGA

Einstaklingar sem glíma við afleiðingar kulnunar

11%


ÞJÓNUSTUÞEGA

Einstaklingar sem eru með annað þjóðerni en íslenskt


Kulnun á íslenskum vinnumarkaði

- Rannsókn á vegum VIRK og HR. Framkvæmd af Gallup í október 2023
- Viðurkenndur spurningalisti sem skimar fyrir hættu á kulnun

Algengi kulnunareinkenna á íslenskum vinnumarkaði




Algengi kulnunareinkenna á íslenskum vinnumarkaði eftir kynjum



Flókið samspil milli kulnunareinkenna og aðstæðna í lífi fólks

Hópurinn sem mælist í mikilli hættu á kulnun
skipt eftir kyni og tekjuflokkum



- Yngri einstaklingar eru í meiri hættu en þeir sem eldri eru
- Tímabundið álag eins og að vera í námi samhliða vinnu getur haft mikil áhrif (hlutfallið er tvöfalt hærra hjá þessum hópi samanborið við aðra)
- Skýr tengsl á milli fjárhagserfiðleika og kulnunar
- Tekjulægri einstaklingar eru í meiri hættu á kulnun en þeir sem tekjuhærri eru
- Hærri tekjur draga frekar úr kulnunareinkennum hjá körlum en konum

Ávinningur starfsendurhæfingar

- VIRK skilar samfélagslegum ávinningi með aukinni vinnumarkaðspáttöku og bættum lífsgæðum
- Mikilvægt er að leita allra leiða og nota fjölbreytta mælikvarða til að meta ávinning af starfi VIRK
- Um 80% af þeim sem lokið hafa starfsendurhæfingu hjá VIRK eru að öllu eða einhverju leyti virkir í vinnu, atvinnuleit eða námi við útskrift
- Um 55% stöðugilda útskrifaðra þjónustuþega eru skráð með laun á vinnumarkaði við útskrift
- Um 75% almennings telur að VIRK hafi mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag (viðhorfskönnun Maskínu fyrir VIRK 2025)



Reiknaður ávinningur

20,2

MILLJARÐAR

**REIKNADUR
ÁVINNINGUR
ÁRIÐ 2025**


14,3

MILLJÓNIR

**REIKNADUR MEÐAL-
SPARNAÐUR Á HVERN
ÞJÓNUSTUÞEGA**

Reiknaður ávinningur og rekstrarkostnaður VIRK árin 2017-2024


á föstu verðlagi í milljörðum króna



Reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan

þjónustuþega VIRK árin 2017-2024


á föstu verðlagi í milljónum króna



Mat þjónustuþega

Eigið mat þjónustuþega á sjálfsmynd, starfsgetu, andlegri og líkamlegri heilsu

við upphaf og lok þjónustu hjá VIRK árin 2017, 2023 og 2024 - á kvarðanum 1-10



Fyrirhugaðar breytingar á kerfi endurhæfingar- og örorkulífeyris sem taka gildi 1. september nk.

1. Aukinn sveigjanleiki í sjúkra- og endurhæfingargreiðslum
 2. Hlutaörorkulífeyrir með góðu frítekjumarki
 3. Nýtt samþætt sérfræðimat
 4. Aukið samstarf stofnana í samþættingarteymum
- Jákvæðar breytingar fyrir marga þjónustuþega VIRK
 - Aukin áhersla á endurhæfingu – í ljósi þess að endurhæfing hefur á undanförnum árum skilað miklum árangri
 - Öruggari framfærsla í endurhæfingarferli
 - Aukin tækifæri til atvinnuþátttöku



Ábyrgð og framtíðarsýn

- Heildarkerfi stuðnings við einstaklinga með skerta starfsgetu er flókið og samanstendur af mörgum ólíkum þáttum og aðilum
- Mikilvægt að skilgreina hlutverk og ábyrgð
- Við berum ábyrgð hvert á öðru þegar við lifum í samfélagi
- Mikilvægt að ólíkir aðilar vinni út frá heildarsýn þar sem markmiðið er að auka vinnugetu og lífsgæði
- Skilaboðin úr öllu kerfinu verða að vera á þann veg að réttindi, þjónusta og ábyrgð fari saman
- Kallar á sameiginlega og skýra framtíðarsýn þvert á kerfi og mismunandi fagaðila



Takk fyrir!

